

Vinur í bata var að svara 8. Spurningu í 12. Spörinu sem er þannig:

**Hvað er það sem þér finnst best að segja nýliðum og verkar hvetjandi á þá?**

Svarið var svona og kemur öllum nýliðum til góða:

*Gefa sér nægan tíma til að lesa efnið sem sett er fram í vinnubókinni. Við hvert spor sem er tekið, er gott að renna heilt yfir það sem þar er sett fram, texta og spurningar, gerið þetta sem fyrst eftir síðasta fund. Við fyrsta lestur finnst eflaust mörgum, kannski flestum, mjög erfitt að svara framsettum spurningum, en örvæntið ekki.*

*Næst skulið þið gefa ykkur tíma, næstu daga, til að fara smátt og smátt yfir textann sem á við hverja spurningu. Íhugið í rólegheitum hverja spurningu og þá kemur eitthvað fram sem getur verið leiðin að svarinu. Það er best að skipta þessu upp á þrjá eða fjóra daga, jafnvel meira ef það hentar betur. Það er líka gott að renna yfir öll svörin sem búið er að skrifa niður, áður en haldið er til fundar. Þetta er aðeins ábending mín, út frá því sem reyndist mér best, en hver og einn verður á endanum að finna sína bestu leið í þessu.*